

Skýrsla borðtennisdeildar 2022-2023

Fyrsta æfing vetrarins hófst mánudaginn 5. september og komu þá 6 - 8 spilarar strax í byrjun. Í vetur hafa að meðaltali 4-6 spilarar æft nokkuð reglulega og er það svipað og árið á undan en frá því í mars sl. hafa bæst við fjórir spilarar í hjólastól. Ég vona því að þessir einstaklingar byrji að æfa á fullu næstkomandi haust.

Íslandsmót 2022 var haldið hjá BR (Borðtennisfélag Reykjanesbæjar) laugardaginn 15. október en BR er nýtt félag ófatlaðra og æfa þeir og keppa í gömlu slökkvistöðinni í Keflavík. Þar er góð aðstaða fyrir fimm borð og almenn góð aðstaða í húsinu. Við í ÍFR viljum þakka BR fyrir frábært Íslandsmót og veitingar. Mótið var haldið í október 2022 vegna þess að árið áður hafði Covid komið í veg fyrir að mótið gæti farið fram.

Mánudaginn 31. október var haldið kveðjuhóf fyrir Þórð Ólafsson, framkvæmdastjóra ÍFR sem var að hætta eftir 25 ára starf fyrir félagið og vil ég þakka honum vel unnin störf fyrir félagið, oft á erfiðum tímum. Eftirmaður Þórðar er Ingólfur Arnarson, fyrrverandi þjálfari í blindabolta og borðtennis sem þekkir innra starf ÍFR vel og ég veit að Ingólfur mun stýra félaginu með miklum ágætum eins og fyrirrennari hans.

Reykjavíkurmótið var haldið í nokkrum hlutum. Það hófst laugardaginn 12. nóvember þar sem keppt var í standandi flokki kvenna. Mánudaginn 14. nóvember hófst keppni í karlaflokki og fimmtudaginn 8. desember 2022 í opnum flokki. Reykjavíkurmótið endaði svo með því að keppt var í tvíliðaleik sem spilaður var mánudaginn 23. janúar 2023.

Heildarfjöldi á Reykjavíkurmótinu var 6 til 8 þátttakendur.

Úrslit úr Reykjavíkurmóti, Íslandsmóti 2022 og 2023 og innanfélagsmóti 2023 fylgja með á sérblaði.

Að þessu sinni vorum við í ÍFR ekki með lið til að keppa í flokkakeppni Íslands (ófatlaðra) en það má minnst á að Hákon Atli keppti fyrir HK – C þriðja árið í röð og gekk honum ágætlega með liði sínu. Stefnan er að ÍFR taki þátt í flokkakeppninni að ári með eitt til tvö lið. Vonandi tekst það.

Paralympic dagur var haldinn í nýju Laugardalshöllinni laugardaginn 3. desember en á þessum degi eru kynntar ýmsar íþróttagreinar fyrir fatlaða. Helgi Þór Gunnarsson og Hákon Atli Bjarkarson sáu um kynningu á borðtennis. Lítið hefur komið af spílurum út úr þessum degi en við vonum auðvitað að það muni breytast í framtíðinni. Þá fór Hákon Atli á sterkt mót í Svíþjóð, helgina 5. og 6. nóvember sem haldið var í Stokkhólmi (Stokholm Open). Hákon gekk sæmilega á þessu móti, fór upp úr sínum riðli en datt síðan út.

Jólaþing var haldið í ár, mánudaginn 19. desember, en það var ekki í fyrra vegna Covid 19 og þakka ég Heiðari húsverði fyrir að hita kakó.

Íslandsmót ófatlaðra fór fram laugardaginn 4. mars og sunnudaginn 5. mars sl. og var haldið af BH (Borðtennisfélag Hafnarfjarðar) í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Við í ÍFR áttum þar tvo keppendur, Hákon Atla Bjarkarson en hann keppti í fyrsta flokki karla og öðrum flokki karla á mótinu. Hákon gekk sæmilega, datt út í átta manna úrslitum í öðrum flokki karla en gekk ekki vel í fyrsta flokki karla og féll strax úr leik. Þá keppti Óskar Aðils Kemp á sínu fyrsta Íslandsmóti í öðrum flokki karla en datt út eftir fyrsta leik.

MALMÖ OPEN 2023 fór fram helgina 10. til 13. febrúar. ÍFR átti tvo keppendur á mótinu, Hákon Atli Bjarkarson keppti í Class 5 og Class 1. Hann datt úr í átta manna úrslitum í Class 5 en komst ekki upp úr riðli í Class 1. Hákon fékk hins vegar brons með Tommy Urhaug frá Noregi sem er margfaldur Evrópu- og heimsmeistari. Þá fór einnig Óskar Aðils Kemp á mótið en hann keppti í Class 11 og Class 3. Óskari gekk mjög vel á sínu fyrsta MALMÖ OPEN,

í Class 11 er þú kepptur fyrir þá sem komast ekki upp úr riðli og gerði Óskar sér lítið fyrir og lenti í þriðja sæti, brons þar. Síðan keppti Óskar í Class 3 og fékk silfur, frábært hjá honum.

Magnús Guðjónsson úr HK fór einnig á umrætt mót og keppti í Class 11 og Class 3 en komst ekki upp úr riðli í sínum flokkum. Óskar Aðils Kemp og Magnús Guðjónsson kepptu líka í tvíliðaleik en dattu fljótlega úr leik. Þá keppti Björgvin Ingi Ólafsson úr HK einnig á mótinu en hann keppti í Class 7 og í Class 1. Hann komst ekki upp úr riðli í Class 7 en gerði sér lítið fyrir og fór í undanúrslit í Class 1 (brons) sem er mjög sterkur flokkur, frábærlega gert hjá honum. Þjálfari hópsins var Bjarni Þorgeir Bjarnason HK og einnig fór kona Óskars, Inda Hrönn Björnsdóttir með í þessa ferð.

Hákon Atli Bjarkarson er búinn að æfa og keppa erlendis á mörgum mótum síðan í haust. Í mars var hann á tveimur mótum, öðru á Ítalíu og hinu á Spáni en gekk ekki sérlega vel á þessum mótum. Í apríl, um páskana, var hann í æfingabúðum með sænska landsliðinu og var það vikuprógramm. Í maí fór Hákon á SLOVENJA OPEN sem er mjög sterkt mót, hann komst ekki upp úr riðli en átti einn stórleik í riðlinum við Þjóðverjann Valentine Baus, sem er margfaldur Evrópumeistari, heimsmeistari og Ól. meistari. Hákon tapaði að vísu 3 – 0 en með litlum mun 11 – 7, 11 – 7 og 11 – 8. Frábært hjá Hákonni sem spilar í Class 5 sem er sterkasti flokkur hjólastóla. Í lokin keppti hann á sterku móti í Póllandi en komst því miður ekki upp úr riðlinum.

Íslandsmót fatlaðra var haldið í Íþróttahúsi ÍFR, Hátúni 14, laugardaginn 1. apríl sl. Keppendur voru 13 talsins en fjórir voru fjarverandi. Mótið gekk mjög vel og var stjórnað af mikilli röggsemi af Helga Þór Gunnarssyni, aðstoðarmanni mínum á mótinu.

Haldin voru fjölmörg mót annarra félaga í vetur en sökum æfingaleyfis töldum við okkur ekki tekið þátt í þeim þar sem þau stönguðust líka á við æfingatíma okkar.

Ekki var farið á Hængsmót en það var haldið 28. apríl til 1. maí sl. og ekki héldum við Minningarmóti ÍFR en stefnan er að það verði haldið að ári. Einnig féll niður pizzaveisla, sem við höfum oft haldið, en í staðinn bauð félagið okkur upp á Subway og gos laugardaginn 20. maí, þann sama dag og innanfélagsmótinu okkar lauk (vormót). Þessi nýbreytni féll í góðan jarðveg hjá iðkendum.

Áður en ég lýk skýrslu minni vil ég þakka húsnefnd og stjórn ÍFR sérstaklega fyrir að hafa set upp LED lýsingu í Íþróttasalinn okkar, þetta er allt önnur lýsing en áður og frábær fyrir borðtennis.

Einnig vil ég þakka stjórn ÍFR góð samskipti á árinu með von um að Íþróttastarf félagsins muni vaxa að nýju eftir erfiðan Covidtíma. Sömuleiðis vil ég þakka Helga Þór Gunnarssyni fyrir hjálpina á tímabilinu og góða stjórn á báðum Íslandsmótunum árin 2022 og 2023.

Með sumarkveðju,

Kristján Jónasson

Mótahald:

Reykjavíkurmótið

Reykjavíkurmótið var haldið í nokkrum hlutum. Það hófst laugardaginn 12. nóvember 2022 þar sem keppt var í standandi flokki kvenna. Mánudaginn 14. nóvember hófst keppti í karlaflokki og fimmtudaginn 8. desember í opnum flokki. Reykjavíkurmótið í tvíliðaleik var haldið mánudaginn 23. janúar 2023. Heildar fjöldi á Reykjavíkurmótinu var 6 til 8 þátttakendur.

Einliðaleikur standandi karla

- | | |
|-----------------------|-----|
| 1. Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. Baldur Jóhannesson | ÍFR |
| 3. Björn Harðarson | ÍFR |

Einliðaleikur standandi kvenna

- | | | |
|---|-----------------------------------|-----|
| 1 | Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |
| 2 | Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |
| 3 | Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR |

Opinn flokkur

- | | | |
|-------|---------------------------|-----|
| 1. | Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. | Baldur Jóhannesson | ÍFR |
| 3.–4. | Björn Harðarson | ÍFR |
| 3.–4. | Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |

Tviliðaleikur

- | | | |
|----|---|---------|
| 1. | Óskar Aðils Kemp og Baldur Jóhannesson | ÍFR/ÍFR |
| 2. | Björn Harðarson og Gunnlaugur B. Sigurgeirsson | ÍFR/ÍFR |
| 3. | Sigurður Andri Sigurðsson og Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR/ÍFR |

Innanfélagsmót í borðtennis árið 2023

Haldið mánudaginn 8. maí, mánudaginn 15. maí og laugardaginn 20. maí í íþróttahúsi ÍFR við Hátún.

Karlaflokkur

- | | | |
|----|--------------------|-----|
| 1. | Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. | Björn Harðarson | ÍFR |
| 3. | Baldur Jóhannesson | ÍFR |

Kvennaflokkur

- | | | |
|----|-----------------------------------|-----|
| 1. | Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |
| 2. | Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |
| 3. | Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR |

Opinn flokkur

- | | | |
|-------|------------------------|-----|
| 1. | Vova Chernyavsky | ÍFR |
| 2. | Agnar Ingi Traustason | ÍFR |
| 3.-4. | Björn Harðarson | ÍFR |
| 3.-4. | Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |

Íslandsmót ÍF í borðtennis 2022

Haldið hjá BR (Borðtennisfélag Reykjanesbæjar) laugardaginn 15. október.

Proskahamlaðar konur, flokkur 11

- | | | |
|----|-----------------------------------|-----|
| 1. | Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |
| 2. | Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |
| 3. | Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR |

Proskahamlaðir karlar, flokkur 11

- | | | |
|----|-----------------------------|-----|
| 1. | Magnús Guðjónsson | HK |
| 2. | Gunnlaugur B. Sigurgeirsson | ÍFR |
| 3. | Sigurður Andri Sigurðsson | ÍFR |

Standandi karlar, flokkur 6-10

- | | | |
|----|------------------------|-----|
| 1. | Björgvin Ingi Ólafsson | HK |
| 2. | Hilmar Björn Zöega | ÍFR |
| 3. | Björn Harðarson | ÍFR |

Sitjandi karlar, flokkur 1-5

- | | | |
|----|-----------------------|------|
| 1. | Hákon Atli Bjarkarson | ÍFR |
| 2. | Kolbeinn Skagfjörð | AKUR |
| 3. | Vova Chernyavsky | ÍFR |

Opinn flokkur

- | | | |
|-------|------------------------|-----|
| 1. | Björgvin Ingi Ólafsson | HK |
| 2. | Hákon Atli Bjarkarson | ÍFR |
| 3.-4. | Hilmar Björn Zöega | ÍFR |
| 3.-4. | Vova Chernyavsky | ÍFR |

Tviliðaleikur

- | | |
|--|----------|
| 1. Björgvin Ingi Ólafsson og Hilmar Björn Zöega | HK/ÍFR |
| 2. Hákon Atli Bjarkarson og Hafsteinn Hinriksson | ÍFR/ÍFR |
| 3.-4. Björn Harðarson og Gunnlaugur B. Sigurgeirsson | ÍFR/ÍFR |
| 3.-4. Kolbeinn Skagfjörð og Vova Chernyavsky | AKUR/ÍFR |

Íslandsmót ÍF í borðtennis 2023

Haldið hjá ÍFR, íþróttahúsinu Hátúni 14, laugardaginn 1. apríl.

Þroskahamlaðar konur, flokkur 11

- | | |
|--------------------------------------|-----|
| 1. Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |
| 2. Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |
| 3. Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR |

Þroskahamlaðir karlar, flokkur 11

- | | |
|-----------------------|-----|
| 1. Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. Magnús Guðjónsson | HK |
| 3. Baldur Jóhannesson | ÍFR |

Standandi karlar, flokkur 6-10

- | | |
|-----------------------------|-----|
| 1. Tómas Björnsson | ÍFR |
| 2. Birkir Steinn Ásgeirsson | KR |

Sitjandi karlar, flokkur 1-5

- | | |
|--------------------------|------|
| 1. Hákon Atli Bjarkarson | ÍFR |
| 2. Vova Chernyavsky | ÍFR |
| 3. Kolbeinn Skagfjörð | AKUR |

Opinn flokkur

- | | |
|--------------------------|-----|
| 1. Hákon Atli Bjarkarson | ÍFR |
| 2. Vova Chernyavsky | ÍFR |
| 3.-4. Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 3.-4. Magnús Guðjónsson | HK |

Tviliðaleikur

- | | |
|--|---------|
| 1. Hákon Atli Bjarkarson og Vova Chernyavsky | ÍFR/ÍFR |
| 2. Magnús Guðjónsson og Birkir Steinn Ásgeirsson | HK/KR |
| 3.-4. Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir og Agnar Ingi Traustason | ÍFR/ÍFR |
| 3.-4. Óskar Aðils Kemp og Baldur Jóhannesson | ÍFR/ÍFR |